



Nefndarsvið Alþingis  
b.t. Elínar Valdísar Þorsteinsdóttur  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík 24. mars, 2004


**Málefni: Tillaga til þingsályktunar um vetnisráð, 452 mál**

Skeljungur hf. barst frá Samtökum Atvinnulífsins umsögn um ofangreinda þingsályktunartillögu þann 22. mars, og gerði athugasemd við umsögnina strax næsta dag en þá hafði umsögnin þegar verið send Nefndarsviði Alþingis þannig að athugasemdir okkar komust ekki með í umsögn Samtaka Atvinnulífsins.

Það er ekki rétt að það séu "olíufélögin" sem hafi eytt miklum tíma og fyrirhöfn í að leita leiða til að draga úr þessari losun landsmanna með opnun fyrstu almennu vetnisstöðvar í heimi, heldur er það eingöngu Skeljungur í samvinnu við Íslenska Nýorku sem hefur staðið fyrir þeirri framkvæmd. Skeljungur eitt olíufélaganna hefur verið þátttakandi í Ectos verkefninu.

Skeljungur telur því rétt að ef olíufélögin fá fulltrúa í slíka nefnd að sá fulltrúi komi frá félaginu.

Virðingarfyllst  
SKELJUNGUR HF

  
Margrét Guðmundsdóttir  
Framkvæmdastjóri Markaðssviðs smásölu

cc: Hjálmar Árnason alþingismaður